

Fimmtudaginn 19. júní 1997.

Nr. 125/1997.

Ákærvaldið(Björn Helgason saksóknari)
gegn**Þorsteini Baldvin Ragnarssyni**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Líkamsárás. Réttarfar. Ákærvald. Frávísunarkröfu hafnað. Sönnunargildi munnlegs framburðar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 3. mars 1997 að ósk ákærða, sem krefst þess aðallega, að því verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins.

Ákærvaldið krefst staðfestingar héraðsdóms.

I.

Ákæra í máli þessu var gefin út 28. desember 1995 af sýslumanninum á Seyðisfirði. Hinn 26. janúar 1996 kvað hinn reglulegi dómari við Héraðsdóm Austurlands upp dóm í málinu, þar sem ákærði var sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins. Ríkissaksóknari áfrýjaði dómi þessum og krafðist sakfellingar ákærða fyrir Hæstarétti. Með dómi Hæstaréttar 6. júní 1996 var héraðsdómurinn felldur úr gildi um annað en málskostnað, og var málinu vísað til héraðsdóms til aðalmeðferðar og dómsálagningar að nýju. Jafnframt var þar mælt fyrir um, að málið skyldi tekið til meðferðar af þremur dómurum, með vísan til 1. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Með úrskurði hins reglulega héraðsdómara 4. júlí 1996 vék hann sæti í málinu, og var sá úrskurður staðfestur með dómi Hæstaréttar 2. október 1996. Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 6. nóvember 1996 var settur dómari til að fara með málið, og í þinghaldi 6. desember sama ár voru kvaddir til tveir samdómendur til að taka þátt í meðferð þess. Var hinn áfrýjaði dómur kveðinn upp af

Þessum þremur dómurum, eftir að aðalmeðferð hafði farið fram 19. desember 1996 á Egilsstöðum, en eitt vitni hafði verið yfirheyrt í Reykjavík 13. sama mánaðar. Saksóknari við embætti ríkissaksóknara sótti málið af hálfu ákærvalds við meðferð þessa, en við fyrri aðalmeðferð þess í janúar 1996 hafði fulltrúi sýslumanns á Seyðisfirði sótt málið.

II.

Krafa af hálfu ákærða um frávísun málsins er í fyrsta lagi studd þeim rökum, að sókn málsins af hálfu starfsmanns embættis ríkissaksóknara stangist á við bein ákvæði 2. mgr. 29. gr. laga nr. 19/1991, þar sem segi, að lögreglustjórar annist flutning þeirra mála fyrir héraðsdómi, sem þeir hafa höfðað.

Með hliðsjón af þeirri skipan ákærvalds, sem mælt er fyrir um í V. kafla laga nr. 19/1991 og felur ótvírætt í sér, að ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvalds með vald til fyrirmæla og umsjónar gagnvart öðrum handhöfum þess, verður að líta svo á, að hann hafi haft heimild til að ákveða, að embætti hans skyldi annast sókn máls þessa, er hin síðari meðferð fór fram.

Krafa ákærða um frávísun er að öðru leyti á því reist, að hann hafi ekki notið málsmeðferðar fyrir sjálfstæðum og óháðum dómstóli í skilningi 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 8. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Er í því efni vísað til þess, að í dómi Hæstaréttar 6. júní 1996 felist efnisleg afstaða, sem héraðsdómur hafi talið sig bundinn af, og jafnframt hafi ákærði orðið að sæta því að vera saksóttur tvívegis vegna sama atviks.

Samkvæmt 4. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994, getur Hæstiréttur ekki endurmetið niðurstöðu héraðsdómara um sönnunargildi munnlegs framburðar, nema hlutaðeigandi vitni eða ákærði hafi gefið skýrslu þar fyrir dómi. Í 5. mgr. sömu greinar er kveðið svo á, að telji Hæstiréttur „líkur fyrir, að niðurstaða héraðsdómara um sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi kunni að vera röng, svo að einhverju skipti um úrslit máls“, geti hann felld héraðsdóm úr gildi og meðferð málsins í héraði í þeim mæli, að munnleg sönnunarfærsla fari þar fram og málið dæmt að nýju. Þessa úrræðis var neytt með fyrrgreindum dómi Hæstaréttar. Í

framhaldi þess fór fram ný sönnunarfærsla fyrir þremur héraðsdómurum með fullri þátttöku skipaðs verjanda ákærða og sækjanda málsins. Var þetta að öllu leyti sjálfstæð málsmeðferð, og hefur ekkert það komið fram í málinu, sem gefi tilefni til að draga óhlutdrægni dómaranna í efa. Er ekki heldur á það fallist, að dómur Hæstaréttar 6. júní 1996 leiði til þess, að ákærði hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla, að svo væri.

Samkvæmt framansögðu verður frávísunarkröfu ákærða hafnað.

III.

Málsatvik eru rækilega rakin í hinum áfrýjaða dómi. Það er niðurstaða hans, að sannað sé, að ákærði hafi slegið flösku í andlit Kára Sveinbjörns Gunnarssonar, og verði það virt honum sem líkamsárás, er verði felld undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og ákæru sé háttað. Niðurstaðan er byggð á mati á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dóminum. Þegar litið er til gagna málsins og frásagna ákærða og vitna, sem raktar eru í dóminum, eru ekki efni til að haggja við sakarmati héraðsdóms. Verður dómurinn staðfestur með skírskotun til forsendna hans.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað, eins og nánar segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Þorsteinn Baldvin Ragnarsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Ég er samþykktur I. og II. kafla í atkvæði annarra dómenda.

Mál þetta er höfðað út af átökum milli ákærða og kunningja hans, sem urðu til þess, að vínflaska, sem ákærði hafði borið á sér, brotnaði og rakst í andlit kunningjans með þeim afleiðingum, að hann skarst á kinn undir hægri auga. Rauf skurðurinn skyntaug,

sem hefur ekki náð að gróa saman aftur, svo að þessi kunningi ákærða býr enn við dofa í andlitsvefjum og ber auk þess ör eftir skurðinn.

Vegna þessara afleiðinga átakanna hefði ákæra út af þeim átt að beinast að broti gegn 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem fjallar um vísvitandi líkamsárás, er veldur tjóni á líkama annars manns með þeim hætti, að sú afleiðing verði metin árásarmanninum til sakar vegna ásetnings eða gáleysis. Í þess stað gaf sýslumaðurinn á Seyðisfirði út ákæru um brot gegn 217. gr. laganna, þ. e. fyrir vísvitandi líkamsárás, sem framin hefði verið án þess að leiða til líkamstjóns, er máli væri metandi. Verður að telja þetta til mistaka af hálfu sýslumanns, þegar litið er á málið eftir á. Hefði héraðsdómurinn, sem fyrstur fékk ákærana til meðferðar, getað vísað henni frá af þessum sökum, þar sem ákæruvald sýslumanns átti ekki að ná til verknaðar, sem varðað gæti við 218. gr., sbr. 1. mgr. 28. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 2. gr. laga nr. 38/1993. Hins vegar var það ákærða í hag, að verknaður hans yrði virtur eftir hinu vægara ákvæði, ef um brot væri að ræða. Var dómaranum því rétt eftir atvikum að láta við það sitja, hvernig ákærinni var háttað. Á hinn bóginn hefur sú ráðstöfun snúist ákærða til óhags að því leyti, að flutningur málsins hefur ekki alls kostar náð því jafnvægi, sem við átti eftir atvikum þess. Hefur saksóknin um of miðast við þá einföldu staðhæfingu, að ákærði hafi slegið kunningja sinn með flöskunni, en nauðsyn þess að greina átök og afleiðingar og meta það, hvert ásetningur aðila náði, nokkuð fallið í skuggann.

Í hinum áfrýjaða dómi er það talið sannað, að ákærði hafi handleikið og sveiflað brotinni áfengisflösku í áflogum sínum við kæranda málsins. Er sú niðurstaða í samræmi við framburð þeirra vitna, sem best sáu til. Af henni verður sú ályktun dregin, að ásetningur ákærða um að beita sér í áflogunum hafi náð til þess að handleika flöskuna. Nægir það til þess, að hann teljist sekur um brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga, þegar litið er til hættunnar af því að magna átökin með þessu framferði. Á hinn bóginn felur niðurstaðan ekki í sér sönnun þess, að hann hafi ætlað að slá kæranda í andlitið með flöskunni, og umrædd vitni telja sig ekki geta fullyrt, að hann hafi gert það í raun. Sú ályktun dómenda, að ákærða hafi hlotið að vera ljóst miðað við aðstæður, að tök hans á flöskunni

væru til þess fallin að valda áverka á borð við þann, sem kunningi hans hlaut, fær þannig ekki staðist nema að því marki, sem nægir til að sanna gáleysi af hálfu ákærða um hugsanlegar afleiðingar áfloganna.

Samkvæmt þessu verður við það að miða, að kærandi hafi ekki hlotið meiðsl sín fyrir viljaverk, heldur af gáleysi ákærða, sem meta beri honum til sakar. Sú refsing, sem honum er ákveðin í hinum áfrýjaða dómi, fær og ekki staðist, nema þetta sé lagt til grundvallar.

Á þessum forsendum er ég samþykktur niðurstöðu annarra dómenda um úrslit málsins.

Dómur Héraðsdóms Austurlands 21. janúar 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 19. f. m., er höfðað með ákæruskjali sýslumannsins á Seyðisfirði, út gefnu 28. desember 1995, „... á hendur Þorsteini Baldvin Ragnarssyni, Hammerstadsgate 21, Osló, Noregi, kt. 280575-6079, fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 17. desember 1995 á Lagarási á móts við „Kleinuna“, Egilsstöðum, slegið Kára Sveinbjörn Gunnarsson, kt. 231078-3719, í andlitið með brotinni flösku með þeim afleiðingum, að hann hlaut djúpan 4,5 cm langan skurð á hægri kinn rétt neðan við auga, sem þurfti að sauma með þrettán sporum, lítinn skurð hægra megin á enni og rispu og bólgu á nefi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði hefur haldið uppi vörnum og krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvalds. Jafnframt var krafist hæfilegra málsvarnarlauna.

1. Málsmeðferð.

Með dómi Héraðsdóms Austurlands 26. janúar 1996 var kveðinn upp sýknudómur í máli þessu. Ríkissaksóknari áfrýjaði þeim dómi með stefnu, dagsettri 12. mars sl. Var dómur Hæstaréttar upp kveðinn 6. júní s. á. og héraðsdómur úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til aðalmeðferðar og dómsálagningar að nýju. Jafnframt var vísað til 1. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1994.

Með úrskurði 4. júlí sl. vék hinn reglulegi héraðsdómari við Héraðsdóm Austurlands sæti með vísan til 6. gr. laga nr. 19/1991, sbr. g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991. Úrskurðurinn var staðfestur með dómi Hæstaréttar 2. október sl. Með bréfi dómsmálaráðuneytis, dagsettu 6. nóvember sl., var dómsformað-

ur settur til að fara með málið, og 6. desember s. á. tóku áðurnefndir með-dómendur sæti í dóminum.

Af hálfu ákærvalds annaðist Björn Helgason saksóknari sókn málsins. Við munnlegan flutning þess 19. desember sl. var því hreyft af hálfu skipaðs verjanda ákærða, að þar sem ákæra væri gefin út af sýslumanninum á Seyðisfirði, væri saksóknari vanhæfur til að annast sókn málsins, og því bæri að vísa málinu frá dómi án kröfu. Verjandi vísaði til 2. mgr. 29. gr. laga nr. 19/1991 máli sínu til stuðnings.

Það er álit dómsins, að vafalaust sé, að ríkissaksóknari, sem er æðsti handhafi ákærvalds, sé bær til að annast sókn máls þessa í héraði, sbr. 1. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 26. gr. laga nr. 19/1991.

2. Málsatvik.

Samkvæmt rannsóknarskjöllum lögreglu sóttu ákærði, Þorsteinn Baldvin, og félagar hans, Jón Egill Sveinsson og Guðgeir Freyr Sigurjónsson, veitingastaðinn Orminn að Kaupangi 2 á Egilsstöðum aðfaranótt sunnudagsins 17. desember 1995. Sömu nótt hafðist kærandi, Kári Sveinbjörn, við á veitingastaðnum Héranum að Miðvangi 2–4. Um kl. 1.30 bar fundum ákærða og kæranda saman við gatnamót Fagradalsbrautar og Lagaráss, og auk nefndra félaga voru á vettvangi vitnin Stefán Þór Vignisson og Þorkell Hróar Björnsson.

Í kæruskýrslu Kára Sveinbjörns fyrir lögreglu, sem dagsett er 18. desember 1995, lýsti hann viðskiptum sínum við ákærða svofellt:

„Við Þorsteinn fórum að rífast og gripum hvor í annan án neinna átaka. Þorsteinn reyndi að fella mig, en ég náði að fella hann og settist ofan á hann. Þorsteinn reyndi að losna, en ég gat haldið honum. Þorsteinn tók þá flösku og sló henni í andlit mér. Þetta voru átök, en ekki nein áflog. Ég veit ekki, hvar Þorsteinn náði flöskunni, en það getur verið, að hann hafi verið með hana inni á sér. Flaskan kom á kinn neðan við auga. Við höggið brotnaði flaskan, en ég veit ekki, hvað varð um hana. Þetta var einhvers konar áfengisflaska, ekki bjórflaska. Við höggið fékk ég skurð á hægri kinn og smásár á enni. Ég fékk miklar blóðnasir við höggið og stóð upp. Ég fór síðan á Heilsugæslustöðina á Egilsstöðum, þar sem læknir saumaði þrettán spor í kinnina og eitt í ennið. Skurðurinn var um fimm sentímetra langur. Ég fór heim, eftir að læknir hafði gert að sárunum.“

Við aðalmeðferð máls lýsti kærandi, Kári Sveinbjörn, málsatvikum nánar. Kvaðst hann í fyrstu hafa rætt lítilega við frænda sinn og féлага ákærða, vitnið Jón Egil, en síðan tekið ákærða tali. Vísaði kærandi til þess, að þeir hefðu verið góðir kunningjar, en þrátt fyrir það fljótlega tekið hvor í háls-mál annars. Kvaðst kærandi hafa litið svo á, að ryskingar þeirra hefðu verið

í góðu, en ákærði þó fljótlega reynt að fella sig í götuna. Kvaðst kærandi þá hafa tekið á móti og náð að fella ákærða og eftir það setið klofvega yfir honum. Kærandi kvaðst hafa verið lítillega undir áhrifum áfengis, er þetta gerðist, en kannaðist ekki við að hafa reiðst, t. a. m. vegna meiðandi orðbragðs ákærða. Kærandi staðfesti þó, að meiri harka hefði færst í átökin, eftir að þeir féllu á götuna. Kvaðst kærandi hafa setið uppréttur ofan á ákærða og m. a. haldið um brjóst hans, axlir og hendur, en ákærði reynt á móti að brjótast um. Kærandi staðhæfði, að ákærði hefði haft hendur sínar lausar. Við þessar aðstæður kvað kærandi áfengisflösku hafa runnið úr innri jakkavasa ákærða og niður með hægri síðu hans. Bar kærandi, að ákærði hefði tekið um flöskuna með hægri hendi og sagt: „Á ég að berja þig í andlitið með flöskunni?“ Ekki kvaðst kærandi hafa tekið þessi orð alvarlega og því svarað játandi, en samt tekið um hægri hönd ákærða og haldið henni niðri. Kærandi kvað ákærða þá hafa fært vinstri handlegg yfir brjostið, gripið um stút flöskunnar, fært hana aftur yfir brjostið, reitt til högg og slegið sig í andlit með flöskunni. Kvað kærandi flöskuna hafa brotnað við höggið og ákærði þá einungis haldið á stútnum. Vegna nefndrar barsmíðar kvaðst kærandi hafa hlotið áverka, m. a. á hægri kinn, skurð á enni svo og blóðnasir. Fyrir dómi kannaðist kærandi ekki við, að flaskan hefði brotnað fyrir áðurgreinda barsmíð ákærða.

Kærandi ætlaði, að hann hefði setið yfir ákærða í u. þ. b. 2–3 mínútur, og staðhæfði, að áður nefndir félagar þeirra hefðu staðið skammt frá, en ekki blandað sér í átökin, enda engin ósk komið fram um slíkt. Eftir barsmíð ákærða kvaðst kærandi hafa slegið ákærða í andlitið með flötum lófa, en taldi, að hann hefði ekki hlotið áverka af þeim sökum.

Áður en vikið verður að framburði ákærða og nefndra vitna, þykir rétt að rekja fyrirleggjandi læknisvottorð.

Í vottorði Gísla Baldurssonar, yfirlæknis á Heilsugæslustöðinni á Egilsstöðum, sem er dagsett 27. 12. 1995, er áverkum kæranda við komu á sjúkrahús aðfaranótt 17. desember 1995 lýst svofellt:

„Kemur beint á Heilsugæslustöðina, og blæðir þá mikið úr sári, sem hann fékk hæ. megin á kinn. Er við komu hingað ölvaður.

Skoðun: Djúpur skurður á kinn hæ. megin frá stað upp við nef, ca. 2 cm neðan við augnkrók, og nær skurðurinn 4,5 cm út á kinn. Lítil skurður er á miðju enni sömum megin. Smárispa er rétt ofan við stærri skurðinn og á nefi við nefrót. Bólga á hæ. nasavæng og væg hæ. megin á nefi. Merki um blóðnasir frá báðum nösnum og bólga í nefslímhúðum. Sárin eru þvegin og stærri skurður saumaður með 13 sporum í staðdeyfinu, skurður á enni með 1 spori. Settur á sýklalyf. Kemur í eftirlit daginn eftir. Sár lítur þá vel út, en

talsvert mikil bólga er í kring, á erfitt með að opna munninn. Sár er hreinsað.

Kemur í eftirlit 20. 12. '95. Sár lítur vel út, og bólgan hefur minnkað. Getur opnað munninn betur. Er með dofa fyrir neðan skurð, þ. e. á kinn og efri vör á svæðinu beint neðan við skurðinn. Saumtaka er gerð 23. 12. '95. Sár lítur vel út utan væg gliðnun innarlega í stærri skurði. Límt er yfir sár. Áfram dofi á sama svæði.

Eftirlit 26. 12. '95. Svipað útlit. Fyrirsjáanlegt er, að Kári Sveinbjörn kemur til með að fá ör eftir stærri skurðinn. Hins vegar er á þessu stigi alls-endis ógerlegt að spá fyrir um, hvernig lokaútlit þess verður. Verður enn fremur áfram með dofa fyrir neðan skurð, líkur á, að það gangi til baka, en ekki hægt að segja fyrir nánar að svo stöddu máli.“

Yfirlæknirinn staðfesti vottorð sitt fyrir dómi svo og vottorð, dagsett 17. maí sl.

Þá liggur fyrir læknisvottorð Guðmundar Más Stefánssonar, sérfræðings í lýtaskurðlækningum, sem dagsett er 9. desember 1996, og er þar m. a. vikið að skoðun á kæranda, er fram fór 3. desember sl.

„Við skoðun er að finna fjögurra cm skálægt, vægt bogadregið ör á hægri kinn neðan við neðra augnlok. Efri endi örsins liggur tvo cm fyrir neðan innri augnkrókin, og neðri endinn liggur fjóra og hálfan cm fyrir neðan augnkrókin gagnauga megin á kinninni. Örið er fölrætt og er þrír mm að breidd. Örið er slétt, en það er vægt inndregið í neðri enda. Það er örlítill þroti í kinninni fyrir neðan örið á um það bil þriggja cm svæði. Andlits-hreyfingar eru eðlilegar, en dofi er ennþá í kinninni fyrir neðan örið, alveg niður á vararauðann hægra megin á efri vör, auk þess sem dofi er í húð yfir hægri nasavæng. Kvartanir sjúklings eru enn sem fyrr dofi í kinninni neðan við örið. Lýsir hann þessu eins og áhrifum deyfingar hjá tannlækni. Hefur ekki neina verki frá örinu, og engin eymsli koma fram við þreifingu á því. Sjúklingur segist þó fá óþægindaverk í örið í miklum kulda.“

Lokaorð vottorðsins eru svofelld:

„Áverki þessi verður að teljast nokkuð alvarlegur, þar sem ljóst er, að dofinn á áður nefndum svæðum stafar af því, að skyntaug í kinninni hefur farið í sundur við áverkann. Verður að teljast sennilegt, að þessi dofi verði viðvarandi, þar sem enginn bati hefur orðið í þessu efni, frá því að áverki átti sér stað, og er því ólíklegt, að dofinn gangi til baka að fullu. Hugsanlegt er þó, að einhver bati geti átt sér stað næstu tólf til átján mánuðina varðandi dofann, en frekari aðgerðir til þess að reyna að gera við taugina eru mjög ólíklegar til að skila einhverjum árangri. Útlitslýti hljóta enn fremur að teljast töluverð, þar sem örið er stórt, vægt breikkað og liggur á áber-

andi stað á kinninni neðan við augnlokið. Ólíklegt má telja, að frekar sé hægt að bæta útlit örsins með skurðaðgerð. Áverki þessi í andliti verður því að teljast töluverður, bæði útlitslega og með tilliti til dofatilfinningar í hægri kinn neðan við örið ásamt efri vör og nasavæng hægra megin.“

Verður nú vikið að framburði ákærða og vitna, sem fram fóru hjá lög-reglunni á Egilsstöðum 20. desember 1995 svo og fyrir dómi.

Við yfirheyrslu lögreglu skýrði ákærði, Þorsteinnur Baldvin, frá því, að hann hefði verið á gangi á Lagarási umrædda nótt ásamt áðurnefndum félögum sínum og verið töluvert ölvaður. Ákærði staðfesti, að hann og kær-andi hefðu verið góðir kunningjar og tekið tal saman. Nánar lýsti ákærði samskiptum þeirra svofellt í nefndri lögregluskýrslu;

„Við fórum að tala saman. Ég tel, að Kári hafi verið töluvert ölvaður. Kári réðst fyrirvaralaust á mig og skellti mér í götuna. Ég man ekki eftir, að neitt misjafnt hafi farið á milli okkar, en hann er mjög uppstökkkur. Kári var frekar æstur, en ég veit ekki af hverju. Það getur verið, að ég hafi sagt eitt-hvað við hann, sem gerði hann reiðan. Kári settist ofan á mig og hélt mér, en ég var rólegur og veitti ekki mótspyrnu. Ég var með áfengisflösku, Captain Morgan, 0,75 l, í vasa innan á leðurjakka, sem ég var í. Ég var hræddur um, að flaskan brotnaði, og tók hana úr vasanum og ætlaði síðan að reyna að losna undan Kára. Ég veit ekki, hvers vegna flaskan lenti í and-litinu á Kára, en það var ekki af ásetningi, þarna var um slys að ræða. Flaskan brotnaði, en ég veit ekki, hvernig það atvikaðist. Þetta gerðist allt á stuttum tíma. Kári var tekinn af mér, og Jón Egill fór með honum á sjúkrahúsið á Egilsstöðum. Ég vil taka það fram, að þarna var um slys að ræða, og mér hefði aldrei komið til hugar að slá mann í andlitið með flösku. Ég vil bæta Kára þessi meiðsl, eftir því sem ég get, vil greiða sanngjarnar miskabætur og honum kostnað, sem kann að hljóta af lækni meðferð.“

Fyrir dómi lýsti ákærði atvikum máls nánar. Staðfesti hann, að hann hefði verið á heimleið umrædda nótt eftir dvöl á veitingastaðnum Orminum ásamt vitnunum Jóni Agli og Guðgeiri Frey, er þeir mættu kæranda, Kára Sveinbirni, á Lagarásnum. Ákærði staðfesti og, að þeir hefðu tekið tal saman, enda verið góðir kunningjar frá fyrri tíð. Hann kvaðst þó ekki muna, hvað þeir höfðu rætt. Þá hafði ákærði ekki skýringar á því, hvers vegna átök hófust með þeim, en ætlaði, að þar hefði kærandi átt mesta sök. Vísaði ákærði m. a. til þess, að kærandi hefði skellt sér á bakið í götuna og eftir það setið klovvega yfir sér í u. þ. b. 2–3 mínútur, allt þar til þeir voru aðskildir. Ákærði bar, að kærandi hefði haldið um báðar hendur sér. Kvaðst hann hafa reynt að losa sig undan kæranda, en án árangurs. Eigi minntist ákærði þess að hafa beðið kæranda um að hætta, og ekki kvaðst

hann hafa óskað eftir aðstoð félaga sinna, er voru nærstaddir. Er hér var komið sögu, bar ákærði, að hálftóm áfengisflaska, er hann hafði í innri vasa leðurjakka, hefði runnið fram á brjóst sér, og kvaðst ákærði hafa tekið um flöskuna með hægri hendi. Ákærði staðhæfði, að á þeirri stundu hefði kærandi haldið um vinstri hönd sér. Ákærði kvað atburðarásina ekki vera fyllilega ljósa fyrir sér eftir þetta og vísaði m. a. til ölvunaráhrifa og gloppóttis minnis af þeim sökum svo og þess, að langt væri um liðið. Kvaðst ákærði þannig ekki gera sér grein fyrir, hvað fór í gegnum huga sér, er hann tók flöskuna af brjósti sér, en a. m. k. kvaðst hann ekki hafa haft í hyggju að bjarga áfengislögginni. Þá minntist ákærði þess ekki að hafa haft orð á því, að hann ætlaði að slá kæranda með flöskunni. Ákærði kvaðst og ekki hafa haft slíkt í hyggju. Ákærði bar, að kærandi hefði tekið um hægri hönd sér, og staðhæfði, að flaskan hefði þá brotnað. Kvaðst ákærði þó í raun ekki hafa séð, er flaskan brotnaði, en heyrt brothljóð. Ákærði minntist þess ekki, að vinstri hönd sín hefði losnað úr tókum kæranda, og kannaðist ekki við að hafa haldið á flöskunni, vitandi, að hún var brotin. Ákærði kannaðist ekki heldur við að hafa séð, er flaskan hafnaði í andliti kæranda, en bar, að það hefði „sjálfsagt verið í einhverjum handaryskingum á milli þeirra, sem flaskan hefur þá slegist í andlit hans eða rekist í andlitið“. Vísaði ákærði til þess, að kærandi hefði verið frekar æstur. Ákærði staðfesti, að átökunum hefði lokið, er í ljós kom, að kærandi hafði slasast. Eigi minntist ákærði þess, að kærandi hefði eftir það slegið til sín, og kannaðist ekki við að hafa hlotið áverka af völdum kæranda fyrir utan smáskeinu án blóðs fyrir ofan hægri augabrun.

Ákærði kvaðst hafa verið mjög miður sín vegna þessa atburðar og síðar um nóttina farið á sjúkrahúsið á Egilsstöðum til að kanna líðan kæranda, en án árangurs, og af þeim sökum hringt á heimili kæranda og þá rætt stuttlega við föður hans. Jafnframt kvaðst ákærði nokkru síðar hafa boðið fram bætur og greitt í lok árs 1995, sbr. dskj. nr. 5, 13.000 kr. vegna læknis- og lögfræðikostnaðar. Vísaði ákærði til þess, að hann hefði gert sér fullkomlega grein fyrir, að hann hefði verið meðvirkur í nefndum meiðslum kæranda, þar eð þau hefðu hlotist í átökum þeirra í milli.

Vitnið Guðgeir Freyr Sigurjónsson, fæddur 1973, kvaðst hafa verið á heimleið ásamt ákærða og vitninu Jóni Agli um kl. 1.00–1.30 eftir dvöl þeirra á veitingastaðnum Orminum, er þeir hittu kæranda og félaga hans við Miðvang á Lagarási, nálægt gatnamótum Fagradalsbrautar. Vitnið bar, að ákærði og kærandi hefðu tekið tal saman, í fyrstu í mesta bróðerni, sem síðar hefði þó þróast upp í einhvers konar rígg þeirra í milli, m. a. um líkamsburði, og þeir í framhaldi af því tekist á og fallið í götuna. Kvaðst vitn-

ið hafa litið svo á, að um lítilfjörlegt vinatusk væri að ræða, og vísaði til þess, að aðilar hefðu ekki verið æstir. Vegna þessa kvaðst vitnið ekki hafa talið ástæðu til að skipta sér af málum, og ákærði og kærandi auk þess ekki óskað eftir slíku. Vitnið kvaðst hafa verið ásamt vitninu Jóni Agli um 5–10 metra frá piltunum og ekki fylgst með orðaskiptum þeirra í milli eða hvernig átök þeirra þróuðust fyrr en skyndilega, að hann veitti því athygli, hvar kærandi var orðinn alblóðugur í andliti. Eigi kvaðst vitnið hafa séð, hvernig áverki kæranda var til kominn, en ályktað á vettvangi, að hann væri eftir flösku. Vitnið kvaðst þó ekki hafa séð flösku á vettvangi greint sinn. Vitnið ætlaði, að framangreind atburðarás hefði tekið um 5–10 mínútur. Vitnið kvaðst hafa verið án áfengisáhrifa greint sinn, en að mati þess voru ákærði og kærandi eitthvað ölvaðir.

Vitnið Jón Egill Sveinsson, fæddur 1975, lýsti atvikum svofellt í lögreglu-skýrslu 20. desember 1995:

„Ég var á gangi með Þorsteini norður Lagarás umrætt skipti, og vorum við að koma úr Orminum. Ég var töluvert fullur, en man eftir því, sem gerðist. Þorsteinn var mikið fullur. Í Lagarási, austan við Kleinuna, hittum við Kára Sveinbjörn frá Egilsstöðum. Hann var mikið fullur. Ég byrjaði að ræða við Kára, og síðan kom Þorsteinn þarna, og þeir fóru að tala saman, en ég veit ekki, hvað þeim fór á milli. Næst sá ég, að Kári og Þorsteinn voru farnir að stimpast, en ekki í illu. Það, sem ég sá næst, var, að þeir voru komnir á jörðina og Kári sat ofan á Þorsteini. Þeir voru að takast á, Þorsteinn reyndi að losa sig, en tókst það ekki. Þeir voru að hreyta hvor í annan og rífast. Þar sem Kári er náskyldur mér og við Þorsteinn góðir vinir, vildi ég ekki skipta mér af þessu. Ég fylgdist ekki sérstaklega með þessu. Það næsta, sem gerðist, var, að ég heyrði flösku brotna og fór að athuga málið og sé þá, að það blæddi mikið úr andlitinu á Kára. Ég ásamt fleirum skildum þá Kára og Þorstein að, ég tók Kára og Guðgeir Þorstein. Ég fór með Kára á spítalann á Egilsstöðum og var þar, á meðan verið var að deyfa hann. Síðan fór ég heim. Ég vissi ekki, að Þorsteinn var með flösku þarna, en hann sagði mér síðar, að svo hefði verið.“

Fyrir dómi var frásögn vitnisins í öllum aðalatriðum samhljóða ofangreindri skýrslu. Vitnið kvaðst hafa litið á áflog ákærða og kæranda sem eins konar leikaraskap og af þeim sökum ekki talið ástæðu til að hafa afskipti af þeim, en þess í stað spjallað við vitnið Guðgeir Frey í um 5–8 m fjarlægð. Þá kvað vitnið ákærða og kæranda ekki hafa óskað eftir aðstoð, og ekki kvaðst hann hafa heyrt þá hóta hvorn öðrum. Vitnið kvaðst fyrst hafa litið til ákærða og kæranda, er hann heyrði brothljóð, og þá um leið séð, hvað kærandi var orðinn blóðugur í andliti og að blóð lak ofan á ákærða.

Vitnið Þorkell Hróar Björnsson, fæddur 1977, lýsti atvikum máls aðfaranótt 17. desember 1995 svofellt í staðfestri lögregluskýrslu:

„Ég var staddur á þessum tíma austan við Kleinuna ásamt fleirum. Ég hafði ekki smakkað áfengi og man vel eftir því, sem gerðist. Ég sá Þorstein Baldvin, Jón Egil og Guðgeir, þar sem þeir gengu eftir Lagarási til norðurs, gengu á gangstéttinni, sem er nær Kleinunni. Kári var hjá okkur og gekk til strákanna, og ég var við Kleinuna. Ég sá, að þeir Þorsteinn og Kári voru farnir að takast á við gangstéttarbrúnina, héldu hvor í annan, og gekk þá til þeirra. Ég sá, að Kári skellti Þorsteini, þeir duttu báðir, og Kári settist ofan á Þorstein. Ég spurði Jón Egil, hvort við ættum ekki að skakka leikinn, en Jón Egill sagði mér að þegja. Ég vildi ekki skipta mér af þessu. Það, sem ég sá næst, var, að Þorsteinn var með áfengisflösku í vinstri hendi, er reyndar ekki viss, hvor höndin það var. Kári var ofan á Þorsteini. Kári hélt um úlnlið vinstri handar á Þorsteini, og þeir voru í átökum. Þarna brotnaði botninn úr flöskunni, og Þorsteinn sló með henni í andlitið á Kára. Flaskan sneri þannig, að belgurinn var upp frá þumalfingri og vísingri og höggið kom frá hlið. Ég veit ekki, hvort Þorsteinn ætlaði að slá Kára í andlitið með flöskunni. Ég heyrði ekki, hvað þeim fór á milli. Það fór að fossblæða úr andlitinu á Kára. Jón Egill tók þá Kára og Guðgeir Þorstein, og þeir voru skildir að. Jón Egill og Kári fóru labbandi út á sjúkrahús, en Þorsteinn niður í Héra, þar sem hann þurrkaði af sér blóð, en hann var allur blóðugur. Ég sá ekki, að Þorsteinn væri meiddur. Þeir Þorsteinn, Jón Egill og Kári voru allir fullir, en ég get ekki sagt, hvað það var mikið.“

Fyrir dómi kvaðst vitnið hafa fylgst með athöfnum ákærða og kæranda úr lítilli fjarlægð og a. m. k. í fyrstu ekki litið á atgang þeirra sem alvarlegan. Ekki minntist vitnið þess, hvort kærandi hélt um hendur ákærða, eftir að þeir höfðu fallið í götuna. Vitnið staðfesti hins vegar, að ákærði hefði haldið á áfengisflösku. Jafnframt kvaðst það hafa veitt því athygli, að botninn hafði brotnað úr flöskunni við það að rekast í götuna, og kvað það hafa gerst, áður en kærandi hlaut áverka sinn í andliti. Eigi gat vitnið sagt til um, með hvorri hendi ákærði hélt um flöskuna, en staðhæfði, að ákærði hefði sveiflað hendinni frá hægri síðu, og ætlaði, að um eins konar hliðarfærslu hefði verið að ræða frekar en ákærði hefði slegið flöskunni beint í andlit kæranda. Engu að síður kvaðst vitnið ekki hafa séð betur en ákærði hefði slegið flöskunni í andlit kæranda, og staðhæfði, að flaskan hefði þá brotnað enn frekar en áður var.

Vitnið Stefán Þór Vignisson, fæddur 1978, lýsti atvikum máls í skýrslu hjá lögreglu tveimur dögum eftir atburðinn svofellt:

„Ég var staddur við Hérann einhvern tíma skömmu eftir miðnætti 17. 12.

sl. og sá, hvar Kári Sveinbjörn og Þorsteinn Baldvin voru í átökum á Lagarási. Ég smakkaði ekki áfengi þetta kvöld og man vel eftir því, sem þarna gerðist. Þeir voru standandi og héngu hvor í öðrum. Mér virtist þetta vera í góðu. Ég gekk til þeirra og sá, þegar Kári skellti Þorsteini í götuna. Kári settist ofan á Þorstein, og þeir voru í átökum. Þegar ég kom til þeirra, voru þeir að rifast og takast á, en ekki að slást, og Þorsteinn var undir. Jón Egill stóð hjá og var að segja Þorsteini að svipta Kára yfir, en Þorsteini tókst það ekki þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Ég sá, hvar áfengisflaska valt úr jakkavasa Þorsteins, vasin er innan á jakkanum vinstra megin. Flaskan valt yfir Þorstein til hægri og í götuna. Þorsteinn tók flöskuna með hægri hendi og spurði Kára, hvort hann ætti að slá hann í hausinn með flöskunni, og sagði Kári já við því. Kári tók þá um hægri framhandlegg Þorsteins og ýtti honum til hliðar og í götuna með þeim afleiðingum, að flaskan brotnaði, botninn fór úr henni. Kári hélt hægri hendi Þorsteins við götuna. Þorsteinn tók þá flöskuna með vinstri hendi og sló henni í andlit Kára, um leið og hann færði hana til vinstri. Mér virtist flaskan koma frá hlið í andlit Kára. Ég veit ekki, hvort Þorsteinn ætlaði að slá flöskunni í andlit Kára. Við þetta brotnaði flaskan, og Þorsteinn hélt á stútum. Ég veit ekki, hvað varð um stútinn, en held, að Þorsteinn hafi hent honum í burtu. Það fór að blæða úr andliti Kára, og mér sýndist hann slá Þorstein eitt högg í andlitið. Það blæddi mikið úr andliti Kára. Þeir voru strax skildir að, og Jón Egill fór með Kára út á sjúkrahúsið á Egilsstöðum. Ég fór með Þorsteini í bíl hjá Hróri Björnssyni, og við fórum að Héránum, þar sem blóð var þurrkað framan úr Þorsteini; það var blóð úr þeim báðum. Þorsteinn var með sprungna neðri vör, og eitthvað blæddi úr henni. Við fórum síðan að sjúkrahúsinu og hittum þar Jón Egil. Þeir Þorsteinn og Jón Egill fóru síðan gangandi þaðan. Þorsteinn var þokkalega mikið ölvaður, en ég sá ekki, hvort Jón Egill var ölvaður. Kári var eitthvað ölvaður.“

Frásögn vitnisins fyrir dómi var í öllum aðalatriðum samhljóða áðurgreindri lögregluskýrslu. Vitnið ætlaði þannig, að stimpingar ákærða og kæranda hefðu varað í u. þ. b. 5–10 mínútur, áður en þeir féllu á götuna, og eftir það kvað vitnið þá hafa tekist á í innan við 5 mínútur. Vitnið ítrekaði, að kærandi hefði setið klovvega ofan á ákærða og m. a. haldið um hendur hans. Í þessari stöðu kvað vitnið ákærða hafa reynt að losa um sig, þ. á m. hendur, og staðhæfði, að ákærði hefði haft hendurnar lausar, er hann handlék áfengisflöskuna, fyrst með hægri hendi og síðan hinni vinstri. Vitnið staðhæfði og, að áfengisflaskan hefði hafnað á höfði kæranda, rétt eftir að ákærði hafði náð taki sínu á flöskunni með vinstri hendi. Vitnið kvað flöskuna hafa mölbrotnað, er hún hafnaði í höfði kæranda, og ákærði eftir það einungis haldið um stút hennar.

Auk nefndra vitna komu fyrir dóm að tilhlutan sækjanda Bjarni Guðmundur Björgvinsson héraðsdómslögmaður svo og foreldrar kæranda, hjónin Vigdís Magnea Sveinbjörnsdóttir og Gunnar Jónsson.

Niðurstaða.

Ágreiningslaust er, að kærandi, Kári Sveinbjörn, hlaut áverka þá, sem lýst er í ákæru, eftir viðskipti við ákærða, Þorstein Baldvin, nokkru eftir miðnætti 17. desember 1995. Af framburði ákærða, kæranda og nærstaddra vitna er ljóst, að ryskingar, án beinna barsmíða, hófust með ákærða og kæranda, fljótlega eftir að fundum þeirra bar saman, og að kærandi sat ofan á ákærða í áflogunum í örfáar mínútur. Ákærði og kærandi eru sammála um, að tilefni þessa atgangs hafi verið harla lítið, og óskaði hvorugur þeirra eftir aðstoð félaga sinna. Loks er staðfest, að ákærði og kærandi, líkt og vitnið Jón Egill, voru undir áhrifum áfengis í greint sinn.

Ákærði, Þorsteinn Baldvin, hefur fyrir dómi neitað sakargiftum. Hann hefur þó játað að hafa handleikið hálfótma áfengisflösku í áflogunum og jafnframt staðhæft, að flaskan hafi í handaryskingum þeirra á einhvern hátt og óviljandi rekist eða slegist í andlit kæranda. Að mati dómsins hefur frásögn ákærða að þessu leyti ekki fyllilega verið skýr, og sjálfur hefur hann borið við nokkru minnisleysi um atburðarásina, m. a. vegna áfengisáhrifa. Framburður vitnanna Jóns Egils og Guðgeirs Freys þykir að mati dómsins ekki varpa ljósi á þennan atburð, en samkvæmt frásögn þeirra litu þeir báðir frá ákærða og kæranda undir lok áfloganna.

Kærandi í máli þessu, Kári Sveinbjörn, hefur staðfastlega borið, að ákærði hafi handleikið áfengisflösku, meðan á áflogum þeirra stóð, fyrst með hægri hendi og síðan hinni vinstri, og samtímis viðhaft orð um að beita henni, rétt áður en ákærði sló flöskunni upp í andlit hans. Að þessu leyti er frásögn vitnisins Stefáns Þórs að öllu verulegu samhljóða framburði kæranda, og að mati dómsins er frásögn vitnisins trúverðug. Jafnframt hefur áður nefndur framburður kæranda stóð í framburði vitnisins Þorkels Hróars. Nefnd vitni hafa og staðfastlega borið, að áfengisflaska ákærða hafi verið brotin, áður en hún hafnaði í andliti ákærða, og að hún hafi brotnað enn frekar við höggið. Bæði voru vitnin án áfengisáhrifa umrædda nótt.

Þegar framangreint er virt í heild, þykir nægilega sannað, að ákærði hafi handleikið og sveiflað brotinni áfengisflösku í áflogum sínum við kæranda, og er það álit dómsins, að ákærða hafi hlotið að vera ljóst miðað við aðstæður, að slík háttsemi var til þess fallin að valda áverka, líkt og raun varð á. Hefur ákærði þannig gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru. Svo sem ákæru er háttað, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991

um meðferð opinberra mála, verður ákærða gerð refsing vegna verknaðarins samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Við ákvörðun refsingar verður litið til þess, að ákærði sló í andlit kæranda með brotinni glerflösku, og var sú atlaða hans mjög háskaleg og miklum mun harðari en áflog hans og kæranda fram að því. Kærandi ber og varanleg lýti. Áverki kæranda er þó til kominn vegna áfloga, og ber því að beita 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 12. gr. laga nr. 20/1981, en í því sambandi skiptir ekki máli, hver upptök áfloganna hafi nánar verið. Ákærði hefur ekki, svo að kunnugt sé, gerst áður sekur um líkamsárás. Þá hefur ákærði greitt, a. m. k. að hluta, lækni- og lögfræðikostnað kæranda. Með ofangreint í huga og að virtum öðrum ákvæðum VIII. kafla laga nr. 19/1940, sem áhrif hafa á refsihæð, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 45 daga fangelsi, en rétt er að fresta fullnustu refsingarinnar og láta hana niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Samkvæmt framangreindum úrslitum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. á m. saksóknarlauna í ríkissjóð, sem ákveðast 75.000 kr., en málið flutti af hálfu ákæruvalds Björn Helgason saksóknari, og málsvarnarlauna skipaðs verjanda, Gísla M. Auðbergssonar héraðsdómslögmanns, sem ákveðast 75.000 kr.

Dómsuppkvaðning hefur tafist lítillaga vegna embættisanna dómsformanns.

Dóm þennan kváðu upp Ólafur Ólafsson héraðsdómari sem dómsformaður og héraðsdómararnir Hjörtur O. Aðalsteinsson og Þorgeir Ingi Njálsson.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þorsteinn Baldvin Ragnarsson, sæti fangelsi í 45 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að tveimur árum liðnum frá uppsögu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. á m. saksóknarlaun í ríkissjóð, 75.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Gísla M. Auðbergssonar héraðsdómslögmanns, 75.000 kr.